

JANEELYN HÆTTIR AÐ FLETTA

Hana langaði mjög
mikið að horfa á næsta
myndband. Og það
næsta. Og það næsta.

Charlotte Larcabal Speakman
(Byggt á sannri sögu)

Þessi saga gerðist í Malasíu.

Janeelyn strauk þumlinum yfir símaskjáinn. Myndböndin þutu fram hjá. Hún stoppaði til að horfa á eitt, strauk síðan áfram. Síðan stoppaði hún á næsta myndbandi. Það var með mjög ljótan munnsöfnuð, en það var fyndið svo hún hélt áfram að horfa. Hélt síðan áfram að fletta.

„Janeelyn! Viltu koma að teikna?“
Yngri systir hennar Jojo veifaði blaði.

Janeelyn leit upp. „Ekki núna.“
„Allt í lagi.“ Jojo gretti sig
og setti blaðið niður.

Fletta. Fletta. Fletta. Myndbönd
af sætum dýrum. Myndbönd
af frægu fólki. Myndbönd
af börnum að dansa. Síðan
nokkur myndbönd sem
Janeelyn vissi að væri ekki gott
að horfa á. Allt í lagi, kannski
fleiri en nokkur. Janeelyn fór
að finnast að kannski ætti
hún að hætta að horfa á þau.

*En fólk setti oft líka góða
hluti inn,* hugsaði hún. Hún
hafði jafnvel lært nýjar leiðir
til að teikna af nokkrum
myndböndum.

„Janeelyn,“ kallaði mamma.

„Hmm?“ Janeelyn leit ekki einu
sinni upp í þetta sinn.

„Við erum með steikt hrísgrjón
með sjávarréttum í kvöld,“ sagði
mamma. „Viltu hjálpa mér að búa það
til?“

Janeelyn elskaði steikt hrísgrjón
með sjávarréttum. Hún vildi samt
ekki standa á fætur alveg strax.

„Get ég ekki bara lagt á borðið?“
spurði hún. „Ég get líka hjálpað til
með diskana á eftir.“

„Það er í lagi,“ sagði mamma.
„En þú þarft að leggja á borð um leið
og ég bið þig um það. Þá er kominn
tími til að skila símanum. Sammála?“

„Sammála,“ sagði Janeelyn.

Janeelyn hélt áfram að horfa
á myndbönd. Aftur fannst henni
að hún ætti ekki að vera að horfa
á þau. Hana langaði samt mjög mikið
að horfa á næsta myndband. Og það
næsta. Og það næsta. *Fletta. Fletta.*
Það var erfitt að hætta!

Að lokum setti Janeelyn símann
niður. Jæja, kannski gæti hún bara
klárað að horfa á eitt myndband
í viðbót. . . .

Nei, sagði Janeelyn við sig sjálfa,
ákveðin. Heilagur andi hafði hvatt
hana og hana langaði til að hlusta.
Hönd hennar hékk rétt yfir símanum.
Þetta var svo freistandi! Janeelyn
kreisti aftur augun.

Himneskur faðir, það hún í hljóði.
*Ég er að reyna mjög mikið að hlusta
á heilagan anda, en ég þarf hjálp.
Mig langar að hætta að horfa á þessi
myndbönd en ég veit ekki alveg hvernig.
Í nafni Jesú Krists, amen.*

Þá kallaði mamma á hana til
að leggja á borðið. Janeelyn hoppaði
upp og brosti. Þetta var ein leið til
að hjálpa henni að hætta í símanum.

Janeelyn setti diska á borðið.
„Mamma, ég sá nokkra ljóta hluti
í símanum,“ missti hún út úr sér.

Mamma leit upp frá
eldamennskunni. „Hvernig hluti?“
„Bara, ljót orð og ljót myndbönd.“
Janeelyn yppti öxlum. „En þau voru
ekki öll ljót.“

„Hvað gerðirðu þegar þú sást ljóta
hluti?“ spurði mamma.

Janeelyn var hljóð í smá stund.
Hún setti glas við hvern disk.



„Ég hélt áfram að horfa,“ sagði hún.
„Ég veit ekki af hverju. En heilagur
andi sagði mér að hætta, svo ég sagði
bæn og bað um hjálp.“

Mamma setti rjúkandi fat
af steiktum hrísgrjónum með
sjávarréttum á borðið. „Stundum er
mjög erfitt að hætta að gera hluti,
jafnvel þegar við vitum að þeir eru
slæmir,“ sagði hún. „Þegar það gerist
er það besta sem við getum gert að
biðja.“

Janeelyn brosti. „Svo ég gerði það
sem rétt var.“

„Sannarlega.“ Mamma rétti
Janeelyn skeiðar til að setja á borðið.

„Internetið er ekki alslæmt. Það getur
hjálpað okkur að tengjast vinum okkar
og miðla hugmyndum. Það getur
líka verið erfitt að halda sér frá öllum
slæmu hlutum. Héðan í frá, ef þú
ætlast að horfa á myndbönd, horfum
þá bara á þau saman. Þannig getum
við pabbi þinn hjálpað þér ef þú sérð
eitthvað slæmt.“

Janeelyn kinkaði kalli. Næst ætlaði
hún að horfa á myndbönd með
mömmu og pabba. Þar til þá var margt
skemmtilegt hægt að gera án símans.

„Viltu láta alla vita að það sé kominn
matur?“ spurði mamma.

„Jamm!“ Eftir matinn ætla
ég svo að teikna með Jojo! ●